

14. Hlutastarfandi slökkviliðsstjórar, slökkviliðsmenn og sjúkraflutningamenn.

14.1 Hlutastarfandi slökkviliðsstjórar

14.1.1 Slökkviliðs- og varaslökkviliðsstjórar skulu ráðnir samkvæmt starfshlutfalli og raðast í launaflokka sem hér greinir. Slökkviliðsstjóri lfl. 150 og varaslökkviliðsstjóri lfl. 142.

14.1.2 Þar sem slökkviliðsstjóri annast einnig eldvarnaeftirlit skal um það sérstaklega samið.

14.1.3 Slökkviliðs- og varaslökkviliðsstjórar á bakvakt skulu fá greitt fyrir útköll pr. yfirvinnuklukkustund.

14.1.4 Fyrir útkall skal greiða minnst 4 klst.

14.2 Hlutastarfandi slökkviliðsmenn / sjúkraflutningamenn

14.2.1 Fyrsta hvers mánaðar skal greiða slökkviliðsmönnum skv. samningi þessum fyrir þau störf er þeir hafa innt af hendi fyrir launagreiðanda. Þó er heimilt að greiðslur eigi sér stað ársfjórðungslega, sé um það samkomulag.

14.2.2 Slökkviliðsnemar raðast í lfl. 120. Fyrir æfingar og útköll skal greiða pr. yfirvinnuklukkustund samkvæmt lfl. 120. Námi slökkviliðsmanns skal lokið innan þriggja ára frá ráðningu.

14.2.3 Þeir sem lokið hafa tilskyldu námi slökkviliðsmanna skulu raðast í lfl. 130. Fyrir æfingar og útköll skal greiða pr. yfirvinnuklukkustund skv. lfl. 130.

14.2.3	Þeir starfsmenn sem þann 15. maí 2013 hafa starfað lengur en þrjú ár raðast samkvæmt gr.
--------	--

14.2.4 Þar sem starfandi eru millistjórnendur skulu þeir raðast skv. starfsheiti varðastjóra í kjarasamningi aðila. Fyrir æfingar og útköll skal greiða pr. yfirvinnuklukkustund skv. 141. lfl.

14.2.5 Við útreikning tímakaups slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er ekki tekið mið af persónuálagi samkvæmt 10. Kafla þessa kjarasamnings.

14.2.6 Fyrir útkall skal greiða minnst 4 klst.

14.3. Önnur ákvæði

14.3.1 Tryggingakafli kjarasamnings aðila gildir fyrir slökkviliðsmenn sem falla undir þennan kafla með þeirri takamörkun þó að tryggingar gilda aðeins þann tíma sem æfingar, útköll og önnur störf á vegum slökkviliðs standa yfir og ná einnig til ferðatímans á leið til og frá áðurnefndum störfum

14.3.2 Í vinnuslysatilfellum skulu starfsmenn slökkviliða sem falla undir þennan kafla njóta réttar til launa sem þeir væru ráðnir í fullt starf í allt að þrjú mánuði í þeim launaflokki sem viðkomandi fær greidd laun eftir.

14.3.3 Þar sem starfsmenn slökkviliða bera boðtæki að ósk slökkviliðsstjóra skal þeim útvegað boðtæki og greitt árlega kr. 11.270 1. maí og kr. 11.270 1. desember. Upphæð þessi tekur breytingum samkvæmt gr. 1.1.1.

14.3.5 Öllum starfsmönnum sem falla undir þennan kafla skal greiða orlof á tímakaup skv. grein 4.2.1.

14.3.6 Slökkviliðsmönnum skal tryggð aðstaða til að stunda líkamsrækt, til þjálfunar og viðhalds líkamlegu þreki sínu, þeim að kostnaðarlausu. Verði því við komið er þeim með sama hætti heimill aðgangur að sundlaug sveitarfélagsins, samanber grein 6.7.1.

14.3.7 Greiða skal félagsgjöld og gjöld í aðra sjóði þ.m.t. lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum 13. kafla.

14.3.8 Ætíð skal gera skriflegan ráðningasamning við starfsmann, sbr. Samning aðila um ráðningarsamninga, tilskipun 91/533/EBE og gr. 11.1.3.1.

Í þessum kafla eru ákvæði vegna hlutastarfandi slökkviliðsmanna, hvort sem þeir eru í hlutastarfi eða fá greitt tímakaup vegna vinnu sinnar.